



Norðurþing

Endurskoðunarskýrsla 2025

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2025</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 9</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða - lykilatriði</i>	<i>10</i>
<i>Helstu áherslur – rekstrarliðir</i>	<i>11</i>
<i>Helstu áherslur – varanlegir rekstrarfjármunir</i>	<i>12</i>
<i>Helstu áherslur – matsliðir</i>	<i>13</i>
<i>Helstu áherslur – mat lífeyrisskuldbindinga</i>	<i>14</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>15</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>16</i>
<i>Viðbótarskýrsla til sveitarstjórnar</i>	<i>17 - 19</i>

Endurskoðun ársins 2025



Húsavík, 23. apríl 2026

Sveitarstjórn Norðurþings

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Norðurþings fyrir árið 2025. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - áritunarendurskoðandi
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur
Arnór Dagur Dagbjartsson, viðskiptafræðingur
Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - gæðarýnir

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Níels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

Karen Björk Gunnarsdóttir

Viðskiptafræðingur Macc.

Netfang: karen@enor.is

Sími: 430 1814

*Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800*

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 136,1 milljónir eða 2,0% af rekstrartekjum en við skilgreiningu á mörkunum var horft á meðaltal ársins 2024 og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 5,4 millj.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins



Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2025	með viðaukum	2024	2025	með viðaukum	2024
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	3.335.144	3.075.406	3.130.869	3.321.350	3.060.922	3.117.594
Framlög jöfnunarsjóðs	1.199.749	1.135.919	1.095.028	1.199.749	1.135.919	1.095.028
Aðrar tekjur	1.580.716	1.507.560	1.492.786	2.582.026	2.467.513	2.611.581
	6.115.610	5.718.885	5.718.683	7.103.125	6.664.354	6.824.202
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	3.726.245	3.595.123	3.418.917	3.903.798	3.755.367	3.587.767
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	510.664	245.654	212.116	528.073	259.651	218.639
Annar rekstrarkostnaður	1.634.556	1.564.248	1.642.817	2.101.149	1.969.046	2.032.368
Afskriftir	221.006	199.446	193.886	407.387	394.221	372.733
	6.092.471	5.604.471	5.467.736	6.940.407	6.378.285	6.211.506
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	23.139	114.415	250.946	162.718	286.069	612.696
Fjármagnsliðir	(14.226)	(104.695)	(18.735)	(159.471)	(314.328)	(194.074)
Tekjuskattur	0	0	0	(26.744)	(20.000)	(36.568)
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	7.207	0	5.811
Rekstrarniðurstaða ársins	8.912	9.720	232.211	(16.291)	(48.259)	387.865
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	61%	63%	60%	55%	56%	53%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	8%	4%	4%	7%	4%	3%
Annar rekstrarkostnaður	27%	27%	29%	30%	30%	30%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	1.503	1.396	1.357	1.499	1.391	1.353
Aðrar tekjur	524	500	479	856	818	839
Laun og launatengd gjöld	(1.235)	(1.192)	(1.098)	(1.294)	(1.245)	(1.152)
Annar rekstrarkostnaður	(542)	(518)	(528)	(696)	(653)	(653)
Fjármagnsliðir	(5)	(35)	(6)	(53)	(104)	(62)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 7.103,1 millj. á árinu 2025 og hækka um kr. 278,9 millj. milli ára eða um 4,1%. Tekjur A hluta eru 6,9% umfram áætlun ársins og tekjur samstæðunnar eru 6,6% umfram áætlun. Skatttekjur ársins eru kr. 260,4 millj. umfram áætlun eða 8,5% og framlög jöfnunarsjóðs eru kr. 63,8 millj. umfram áætlun eða 5,6%. Aðrar tekjur eru einnig umfram áætlun eða 114,5 millj. og 4,6%.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A hluta námu kr. 3.726,2 millj. á árinu 2025 og hækka um kr. 307,3 millj. milli ára eða 9,0%. Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 3.903,8 millj. á árinu 2025 og hækka um kr. 316,0 millj. milli ára eða 8,8%. Launakostnaður er í heild 3,6% yfir áætlun ársins hjá A hlutanum en 4,0% yfir áætlun hjá A og B hluta. Samþykktir viðaukar vegna launakostnaðar á árinu 2025 námu kr. 126,1 millj. Fjöldi ársverka lækkar lítilllega hjá A hluta sveitarfélagsins og voru þau 275 á árinu 2025 samanborið við 282 ársverk á árinu 2024. Laun og launatengd gjöld eru 55% af rekstrartekjum ársins samanborið við 53% árið áður.

Lífeyrisskuldbindingar

Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga hjá A og B hluta nam kr. 528,1 millj. á árinu 2025 samanborið við kr. 218,6 millj. árið áður. Launahækkunar hjá opinberum starfsmönnum höfðu mun meiri áhrif á árinu 2025 heldur en 2024 sem að skýrir þessa miklu hækkun.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 2.101,1 millj. á árinu 2025 og hækkar um kr. 68,8 millj. milli ára eða 3,4%. Annar rekstrarkostnaður hjá A og B hluta er kr. 132,1 millj. eða 6,7% yfir áætlun ársins. Meðal annars rekstrarkostnaðar er gjaldfærð endurgreiðsla farþegagjalda að fjárhæð kr. 64,3 millj. vegna dómsmáls sem Hafnarsjóður Norðurbings tapaði á árinu 2025.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 159,5 millj. á árinu 2025 sem er um kr. 154,9 millj. eða 49,3% undir áætlun ársins. Gert var ráð fyrir hærri verðbólgu í áætlun.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta er neikvæð á árinu 2025 um kr. 16,3 millj. sem er þó um kr. 32,0 millj. betri niðurstaða en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2025	2024	2025	2024
Fastafjármunir				
Fasteignir og lóðir	4.763.656	4.067.243	6.322.371	5.372.508
Veitukerfi og hafnarmannvirki	0	0	2.300.907	2.272.988
Aðrar eignir	1.026.736	1.027.890	1.087.228	1.093.683
Leigðar eignir	0	0	0	0
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	493.188	402.381	416.183	370.272
Reiknuð skattinneign	0	0	41.690	48.369
Langtímakröfur	277.722	225.897	1.668	2.318
Fyrirframgreiddur kostnaður	174.756	183.941	174.756	183.941
	6.736.058	5.907.352	10.344.805	9.344.079
Veltufjármunir				
Birgðir	0	0	0	0
Óinnheimtar skatttekjur og kröfur	575.988	585.046	673.407	656.663
Næsta árs afb. af langtímakröfum	4.919	4.558	748	725
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	67.499	84.928	0	0
Aðrar skammtímakröfur	94.087	58.387	124.751	78.638
Markaðsverðbréf	0	0	330.724	306.258
Handbært fé	599.245	951.556	1.098.515	1.480.354
	1.341.738	1.684.476	2.228.144	2.522.638
Eignir samtals	8.077.796	7.591.828	12.572.949	11.866.717
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,15	1,62	1,81	2,32
Heildareignir pr. íbúa	2.677	2.438	4.167	3.811

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 971,3 millj. milli ára og nema samtals kr. 9.710,5 millj. í árslok 2025 samanborið við kr. 8.739,2 millj. í ársbyrjun.

- Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkuð lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 205,9 millj.
- Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 977,6 millj. en gert hafði verið ráð fyrir kr. 1.001,0 millj. fjárfestingum í áætlun.
- Afskriftir ársins námu kr. 407,4 millj.
- Söluverð eigna nam kr. 34,0 millj.
- Helstu fjárfestingar ársins voru:
 - Eignasjóður samtals kr. 695,4 millj. en helstu fjárfestingar ársins voru Frístund nýbygging kr. 339,2 millj., framkvæmdir við gervigrasvöll kr. 140,3 millj., og gatnaframkvæmdir við Ásgarðsveg kr. 41,0 millj, við Suðurfjöru kr. 35,8 millj. og vegna afleggjara við Rifós Kópaskeri kr. 28,6 millj.
 - Orkuveita Húsavíkur ohf. kr. 226,6 millj. í veitukerfum og búnaði.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa í efnahagsreikningi vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð en framlög í lífeyrisaukasið gjaldfærast á 30 árum og framlög í varúðarsjóð á 20 árum. Meðhöndlun er í samræmi við álit frá reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga.

Óinnheimtar skatttekjur og kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og kröfur námu kr. 673,4 millj. í árslok samanborið við kr. 656,7 millj. í ársbyrjun. Niðurfærsla á móti kröfum nam kr. 223,9 millj. í árslok samanborið við kr. 174,8 millj. í ársbyrjun en niðurfærsla á móti óinnheimtum útsvarstekjum var hækkuð nokkuð milli ára.

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé A og B hluta var kr. 1.098,5 millj. í árslok og hafði lækkað um kr. 381,8 millj. milli ára. Þrátt fyrir lækkun á handbæru fé á undanförunum árum er veltufjárhlutfall samstæðunnar ennþá sterkt en það lækkar þó nokkuð milli ára og var 1,81 í árslok samanborið við 2,32 í ársbyrjun. Veltufjárhlutfall A hlutans lækkar einnig og var 1,15 í árslok samanborið við 1,62 í ársbyrjun. Að jafnaði er horft til þess að veltufjárhlutfall sé amk yfir 1,0.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2025	2024	2025	2024
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	2.401.591	2.233.230	4.279.110	4.020.283
Hlutdeild minnihluta	0	0	248.228	190.984
	<u>2.401.591</u>	<u>2.233.230</u>	<u>4.527.338</u>	<u>4.211.267</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbindingar	2.841.706	2.525.008	2.928.509	2.606.385
Skuldir við lánastofnanir	1.667.703	1.793.395	2.304.261	2.446.413
Aðrar langtímaskuldir	0	0	1.579.132	1.516.039
Leiguskuldir	0	0	0	0
	<u>4.509.409</u>	<u>4.318.403</u>	<u>6.811.902</u>	<u>6.568.837</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	188.304	162.779	292.019	235.892
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	222.216	167.301	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	184.282	172.476	238.323	234.904
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	0	0	0
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	168.970	150.797	178.629	159.853
Aðrar skammtímaskuldir	403.023	386.841	524.737	455.964
	<u>1.166.796</u>	<u>1.040.195</u>	<u>1.233.709</u>	<u>1.086.613</u>
Skuldir samtals	<u>5.676.205</u>	<u>5.358.598</u>	<u>8.045.611</u>	<u>7.655.450</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>8.077.796</u>	<u>7.591.828</u>	<u>12.572.949</u>	<u>11.866.717</u>
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	30%	29%	36%	35%
Heildarskuldir sem hlutfall af tekjum	93%	94%	113%	112%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	56%	49%	71%	62%
Eigið fé pr. íbúa	796	717	1.501	1.352
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.881	1.721	2.667	2.458

Eiginfjárreikningur og hlutdeild minnihluta

Staða eiginfjár samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta hækkar um kr. 316,1 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 16,3 millj. kemur til lækkunar á eigin fé og einnig leiðréttingar vegna launa fyrri ára í málaflokki 07 Brunamál og almannavarnir að fjárhæð kr. 46,4 millj. Til hækkunar koma færslur vegna endurmats á lóðum og lendum hjá eignasjóði að fjárhæð kr. 205,9 millj. og færsla vegna endurmats fasteigna hjá Dvalarheimili aldraðra sf. að fjárhæð kr. 165,8 millj.

Hlutdeild minnihluta er færð þar sem eignarhlutir sveitarfélagsins í Leigufélagi Hvamms ehf. og í Dvalarheimili aldraðra sf. eru undir 100%.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 340,9 millj. eða 12,3% milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 178,0 millj. á árinu en gjaldfærð hækkun á skuldbindingunni kr. 528,1 millj.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 138,7 millj. milli ára hjá samstæðu A og B hluta ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Aðrar langtímaskuldir sem eru annarsvegar víkjandi lán frá ríkinu í Hafnarsjóði og hinsvegar skuldir við búseturéttthafa hjá Dvalarheimili aldraðra hækka um sem nemur verðbótum ársins. Á árinu 2025 var aðeins eitt nýtt lán að fjárhæð kr. 25,7 millj. tekið samhliða kaupum á einni íbúð hjá Félagsslegum íbúðum. Engin önnur lántaka var hjá samstæðunni en gert hafði verið ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 300,0 millj. í fjárhagsáætlun. Á árinu nam afborgun af höfuðstól langtímaskulda kr. 247,0 millj. hjá samstæðu A og B hluta.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 71% í árslok 2025 samanborið við 62% í ársbyrjun. Hjá A hlutanum var skuldahlutfallið 56% í árslok 2025 samanborið við 49% í ársbyrjun. Skuldahlutfallið er að hækka þar sem heildarskuldir eru að hækka nokkuð en einnig þar sem að veltufjármunir eru að lækka nokkuð milli ára, en samkvæmt reglum um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, þá er heimilt að draga veltufjármuni frá við útreikning á hlutfallinu.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Rauntölur	Áætlun	Frávik	Frávik %
Skatttekjur	4.606.257	4.280.953	325.304	7,6%
Félagsþjónusta	(363.515)	(477.458)	113.943	-23,9%
Fræðslumál	(2.080.799)	(1.967.361)	(113.438)	5,8%
Menningarmál	(114.241)	(114.816)	575	-0,5%
Æskulýðs- og íþróttamál	(452.116)	(435.707)	(16.409)	3,8%
Brunamál og almannavarnir	(166.719)	(143.204)	(23.515)	16,4%
Hreinlætismál	(41.090)	(38.513)	(2.577)	6,7%
Skipulags- og byggingarmál	(60.163)	(68.719)	8.556	-12,5%
Samgöngumál	(232.346)	(240.219)	7.873	-3,3%
Umhverfismál	(121.361)	(91.192)	(30.169)	33,1%
Atvinnumál	(82.037)	(84.232)	2.195	-2,6%
Framlög til B-hluta stofnana	(70.000)	(100.000)	30.000	-30,0%
Sameiginlegur kostnaður	(454.244)	(440.519)	(13.725)	3,1%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(510.664)	(245.654)	(265.010)	107,9%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	226.952	157.761	69.191	43,9%
Eignasjóður	(79.173)	(42.079)	(37.094)	88,2%
Þjónustumiðstöð	4.171	60.679	(56.508)	-93,1%
A hluti samtals	8.912	9.720	(808)	-8,3%
Félagslegar íbúðir	38.248	55.777	(17.529)	-31,4%
Hafnasjóður Norðurþings	(188.974)	(210.213)	21.239	-10,1%
Orkuveita Húsavíkur ohf.	187.721	155.844	31.877	20,5%
Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.	8.213	1.588	6.625	-
Leigufélagið Hvammur ehf.	1.338	2.328	(990)	-42,5%
Dvalarheimili aldraðra sf.	(26.180)	545	(26.725)	-4903,7%
Millifærslur A og B hluta	(45.569)	(63.847)	18.278	-28,6%
B hluti samtals	(25.203)	(57.978)	32.775	-56,5%
A og B hluti samtals	(16.291)	(48.259)	31.968	-66,2%

Rekstur málaflokka og fyrirtækja - Afkoma og samanburður við áætlun

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2025 um kr. 8,9 millj. samanborið við kr. 9,7 millj. jákvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða A-hlutans er því mjög nálægt rekstraráætlun ársins en hjá A-hlutanum voru gerðir viðaukar sem gerðu ráð fyrir auknum útgjöldum að fjárhæð kr. 146,6 millj. Neikvæð niðurstaða var á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 16,3 millj. á árinu 2025 samanborið við kr. 48,3 millj. neikvæða afkomu skv. fjárhagsáætlun. Til viðbótar við viðauka hjá A-hlutanum gerðu viðaukar í B-hluta ráð fyrir lækkun í öðrum tekjum að fjárhæð kr. 122,5 millj. og viðaukar því samtals kr. 269,1 millj.

Frávik frá fjárhagsáætlun má sjá í töflunni hér til hliðar en helstu skýringar á þeim eru:

- Skatttekjur – útsvarstekjur og fasteignaskattar voru kr. 260,4 millj. yfir áætlun og framlög frá jöfnunarsjóði voru kr. 63,8 millj. yfir áætlun. Útsvarstekjur hafa haldið áfram að skila sér vel þrátt fyrir áföll í atvinnulífinu á Húsavík en einhver óvissa er þó um þróunina á árinu 2026.
- Félagsþjónustan – nettó útgjöld til félagsþjónustunnar voru kr. 113,9 millj. undir áætlun. Unnið hefur verið að því að bæta reksturinn í þessum málaflokkum auk þess sem meiri tekjur hafa komið inn vegna málefna fatlaðs fólks.
- Fræðslumál – nettó útgjöld til fræðslumála voru kr. 113,4 millj. yfir áætlun sem að skýrist mest af launakostnaði og auknum útgjöldum vegna skólamáltíða í málaflokkinum. Launakostnaður í málaflokknum hækkaði um kr. 234,4 millj. eða 15,2% milli ára og var 4,5% yfir áætlun þrátt fyrir þá viðauka sem gerðir voru. Hætt var að rukka fyrir skólamáltíðir í grunnskólum á haustönn 2024 en á móti komu aukin framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem færð eru meðal skatttekna.
- Umhverfismál – nettó útgjöld til umhverfismála voru kr. 30,2 millj. yfir áætlun sem að skýrist mest af auknum kostnaði við sláttur og hirðingu.
- Breyting lífeyrisskuldbindinga var kr. 265,0 millj. umfram áætlun ársins vegna meiri launahækkana en gert hafði verið ráð fyrir og meiri hækkana en hafa verið undanfarin ár.
- Fjármunatekjur aðalsjóðs – frávik liggur í vaxtatekjum sem voru hærri en áætlað var.
- Orkuveita Húsavíkur – áfram mjög góður rekstur hjá OH þrátt fyrir að afkoma félagsins hafi dregist aðeins saman milli ára.

Notkun reikningsskilaaðferða - lyklatriði

Lóðir og lendum

Samkvæmt álit frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2025 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 2.443,1 millj. og hækka um kr. 205,9 millj. milli ára. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðaleigutekjur sveitarfélagsins hækka um 9,2% milli álagningar 2025 og 2026. Lóðir og lendum eru ekki afskrifaðar.

Dvalarheimili aldraðra sf. - Endurmat

Fasteignir leiguíbúða félagsins á Húsavík hafa verið endurmetnar og var endurmat fyrst fært upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2023. Endurmatshækkun á árinu 2025 nam kr. 160,0 millj. Búseturéttur er einnig endurmetinn árlega og nam endurmatshækkun á árinu um kr. 5,8 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar. Því til viðbótar var á árinu færð upp skuldbinding vegna tryggingafræðilegs endurmats hjá Brú lífeyrissjóði til samræmis við álit sem kom frá reikningsskila- og upplýsinganefnd. Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna á lífeyrisskuldbindingum til Brúar Lífeyrissjóðs en gerð er grein fyrir stöðu fyrirframgreiðslunnar í skýringu 19 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Byggðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Norðurþing er aðili að Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og ber samkvæmt samþykktum hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna. SSNE hefur ekki verið tekið inn í samstæðureikning sveitarfélagsins en áhrif þess eru þó að okkar mati óveruleg. Við höfum ekki vitneskju um önnur byggðasamlög eða samrekstur sem gætu haft veruleg áhrif á samstæðureikning sveitarfélagsins.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Helstu áherslur – rekstrarliðir

Þjónustutekjur og aðrar tekjur – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Aðrar rekstrartekjur sveitarfélagsins skiptast í þjónustutekjur, eignatekjur, endurgreiðslur og aðrar tekjur. Aðrar rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 2.582,0 millj. á árinu 2025 og lækka um kr. 29,6 millj. milli ára eða 1,1%.

Endurskoðun á þjónustutekjum og öðrum tekjum hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum og ítarlegri gagnaendurskoðunaraðgerðum. Skoðuð var þróun í einstökum tekjuliðum niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Valdir tekjuliðir voru skoðaðir með samanburði við samninga og önnur undirliggjandi gögn.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Annar rekstrarkostnaður – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Annar rekstrarkostnaður sveitarfélagsins skiptist í vöru og þjónustukaup ásamt styrkjum og framlögum. Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 2.101,1 millj. á árinu 2025 og hækkar um kr. 68,8 millj. milli ára eða 3,4%. Annar rekstrarkostnaður er að hækka minna en aðrir rekstrarliðir en hafa þarf í huga að hækkun á öðrum rekstrarkostnaði var nokkuð mikil milli árána 2023 og 2024 eða kr. 178,1 millj. sem er um 9,6% hækkun.

Endurskoðun á öðrum rekstrarkostnaði hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum og ítarlegri gagnaendurskoðunaraðgerðum. Skoðuð var þróun í einstökum kostnaðarliðum niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Einnig var framkvæmd úrtaksskoðun á rekstrarkostnaði þar sem fylgiskjöllum var flett upp, samþykkt skoðuð og bókun kostnaðar metin.

Stöður lánadrottna voru yfirfarnar með samanburði við yfirlit frá birgjum og önnur gögn í bókhaldi.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Laun og launatengd gjöld – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Launakostnaður sveitarfélagsins nam kr. 3.903,8 millj. á árinu 2025 hjá A og B hluta og hækkar um kr. 316,0 millj. eða 8,8%. Launakostnaður er í heild 3,6% yfir áætlun ársins hjá A hlutanum en 4,0% yfir áætlun hjá A og B hluta. Samþykktir viðaukar vegna launakostnaðar á árinu 2025 námu kr. 126,1 millj. Fjöldi ársverka lækkar lítillega hjá A hluta sveitarfélagsins og voru þau 275 á árinu 2025 samanborið við 282 ársverk á árinu 2024. Laun og launatengd gjöld eru 55% af rekstrartekjum ársins samanborið við 53% árið áður.

Endurskoðun á launum og launatengdum gjöldum hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum. Skoðuð var þróun í launakostnaði niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Framkvæmdar voru gagnagreiningaraðgerðir þar sem væntingar um þróun í launakostnaði voru myndaðar út frá launahækkunum skv. samningum og breytingu stöðugilda og voru uppreiknaðar væntingar okkar bornar saman við raunkostnað einstakra kostnaðarstöðva. Kallað var eftir gögnum til þess að styðja við yfirferðina.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Helstu áherslur – varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og fjárfestingar

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 971,3 millj. milli ára og nema samtals kr. 9.710,5 millj. í árslok 2025 samanborið við kr. 8.739,2 millj. í ársbyrjun.

Lóðir og lendum sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkun lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 205,9 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 977,6 millj. en gert hafði verið ráð fyrir kr. 1.001,0 millj. fjárfestingum í áætlun.

Afskriftir ársins námu kr. 407,4 millj.

Söluverð eigna nam kr. 34,0 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Eignasjóður samtals kr. 695,4 millj. en helstu fjárfestingar ársins voru Frístund nýbygging kr. 339,2 millj., framkvæmdir við gervigrasvöll kr. 140,3 millj., og gatnaframkvæmdir við Ásgarðsveg kr. 41,0 millj, við Suðurfjöru kr. 35,8 millj. og vegna afleggjara við Rifós Kópaskeri kr. 28,6 millj.
- Orkuveita Húsavíkur ohf. kr. 226,6 millj. í veitukerfum og búnaði.

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestingum ársins fólst í ítarlegum gagnaendurskoðunaraðgerðum. Fyrningaskýrslur voru yfirfarnar en farið var yfir afskriftarhlutföll og bókfært verð eigna. Tekið var úrtak úr fjárfestingum ársins þar sem fylgiskjöllum var flett upp og eignfærsla metin. Einnig var farið yfir gjaldfærðan viðhaldskostnað.

Farið var yfir uppreikning á lóðaleigutekjum sem að myndar endurmat á lóðum og lendum.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Helstu áherslur - matsliðir

Mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2025 hjá A-hluta nam kr. 211,5 millj. sem er 26,9% af útstandandi kröfum, samanborið við kr. 162,7 millj. og 21,8% í ársbyrjun. Niðurfærsla krafna hjá A og B-hluta nam kr. 223,9 millj. eða 25,0% samanborið við kr. 174,8 millj. og 21,0% í ársbyrjun. Staða viðskiptakrafna er að lækka aðeins milli ára en það sem hefur þar helst áhrif er aukin niðurfærsla á óinnheimtum útsvarstekjum sbr. umfjöllun hér að neðan.

Sértæk niðurfærsla er færð á móti eldri almennum kröfum auk þess sem færð er 5% almenn niðurfærsla á móti heildarkröfum að frádregnum þeim kröfum sem eru færðar niður sértækt.

Óinnheimtar útsvarstekjur hafa haldið áfram að hækka á undanförunum árum og er hækkunin töluverð milli árana 2024 og 2025. Staða óinnheimtra útsvarstekna var komin í kr. 310,2 millj. fyrir niðurfærslur í lok árs 2025 samanborið við kr. 225,0 millj. í árslok 2024. Sömu aðferðarfræði er beitt varðandi niðurfærslu á óinnheimtum útsvarstekjum og í árslok 2024 en allar stöður sem eru orðnar meira en 5 ára gamlar eru færðar að fullu niður og hlutfallslega lækkar afskriftin eftir því sem kröfurnar eru yngri. Niðurfærsla óinnheimtra útsvarstekna í árslok 2025 nam kr. 180,0 millj. samanborið við kr. 132,0 millj. í árslok 2024. Hækkun niðurfærslunnar er kr. 48,0 millj. en til samanburðar þá hækka óinnheimtar útsvarstekjur fyrir niðurfærslu um kr. 85,3 millj. milli ára.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2025 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Bætt hefur verið vel í niðurfærslu óinnheimtra útsvarstekna á undanförunum árum og teljum við það eðlilegt miðað aldursgreiningu á þeim kröfum sem eru á bakvið stöðuna.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum var kr. 416,2 millj. í árslok 2025 eftir niðurfærslu en þá eru með talin hlutdeildarfélög. Færð var hlutdeild í afkomu Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., Hrafnabjargarvirkjunar hf. og Íslenskrar orku ehf. sem eru hlutdeildarfélög Orkuveitu Húsavíkur ohf. og var hlutdeildin neikvæð um kr. 2,6 millj. Eignarhlutirnir endurspeglu hlutdeild samstæðunnar í eigin fé félaganna.

Stærsti einstaki eignarhlutur sveitarfélagsins er í Lánasjóði sveitarfélaga en skv. ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2025 á sveitarfélagið 2,22% eignarhlut. Hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé lánasjóðsins reiknast kr. 597,4 millj. mv. ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 og er því líklega nokkuð vanmat á eignarhlutnum í bókum sveitarfélagsins. Samkvæmt reglum eru eignarhlutir í eigu aðalsjóðs metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu ef þörf er talin á og því ekki ástæða til þess að færa eignarhlutinn upp.

Niðurfærsla á móti eignarhlutum í félögum nam kr. 105,2 millj. í árslok samanborið við kr. 96,6 millj. í ársbyrjun.

Niðurstaða

Við teljum að mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í árslok 2025 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Helstu áherslur – mat lífeyrisskuldbindinga

Lífeyrisskuldbindingar

Norðurþing er í ábyrgð gagnvart skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998 en sjóðsfélagar í árslok 2024 voru 231 samanborið við 234 í ársbyrjun.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati á réttindasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar fyrir árið 2025 námu áfallnar skuldbindingar safnsins kr. 4.119,8 millj. í árslok 2025 samanborið við kr. 3.805,6 millj. í ársbyrjun. Endurmetnar eignir sjóðsins námu kr. 548,6 millj. og voru því skuldir sjóðsins umfram eignir kr. 3.571,2 millj. í árslok 2025. Norðurþing færir kr. 3.107,1 millj. sem skuldbindingu vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar í árslok 2025. Munurinn á nettó skuldbindingum sjóðsins og því sem fært er hjá Norðurþingi tilheyrir öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

Árið 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrisréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Við breytingarnar voru réttindi tryggð með sérstökum framlögum launagreiðenda til Brúar lífeyrissjóðs. Staða vegna þessa uppgjors á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði, sem var bókfærð á kr. 183,9 millj. í árslok 2025. Greiðsla á skuldbindingunni var fjármögnuð með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga en eftirstöðvar hennar skiptast í lífeyrisaukasjóð (eftirstöðvar kr. 169,4 millj. gjaldfært á 30 árum) og varúðarsjóð (eftirstöðvar kr. 14,6 millj. gjaldfært á 20 árum). Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 19 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðingsins.

Helstu niðurstöður yfirferðarinnar eru eftirfarandi:

- Staða áfallinna skuldbindinga safnsins umfram eignir er neikvæð um 86,7% í árslok 2025 samanborið við 84,7% árið áður.
- Áfallnar skuldbindingar safnsins hækka um kr. 314,2 millj. milli ára og endurmetin staða eigna lækkar um kr. 34,8 millj.
- Skuldbindingar umfram eignir voru kr. 3.571,2 millj. í árslok sbr. við kr. 3.225,7 millj. í ársbyrjun.
- Launahækkanir opinberra starfsmanna voru mun hærri milli árána 2024 og 2025 heldur en árin þar á undan en vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 11,7% milli árána 2024/2025 samanborið við 4,2% hækkun milli árána 2023/2024.
- Engar breytingar eru á reikniforsendum í matinu milli ára og óvissa í tengslum við útreikningana því lítil. Greiningar á þróun skuldbindingarinnar ganga vel upp að okkar mati.

Við gerum ekki athugasemdir við mat á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins.

Við höfum einnig farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Innra eftirlit og virkni þess er mikilvægur þáttur í því að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og annarra eigna, og til þess að tryggja að ekki hljótt tjón af skekkjum, mistökum og/eða sviksemi.

Farið var yfir helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra var metin. Heilt yfir eru litlar breytingar á helstu viðskiptaferlum sveitarfélagsins milli ára.

Til staðar eru veikleikar í aðgreiningu starfa þar sem einstakir starfsmenn hafa bæði millifærsluheimildir á bankareikninga og víðtækar heimildir í fjárhagsbókhalda sveitarfélagsins. Að jafnaði er störfum þó hagað þannig að í framkvæmd sé þessi skörun ekki þó svo að heimildirnar séu til staðar og geti verið nýttar í afleysingum og undantekningartilfellum. Við teljum mikilvægt að benda á þetta en til þess að bregðast við þessu í endurskoðuninni þá höfum við tekið sérstaklega út hreyfingar í bókhalda og á bankareikningum sem að tengjast þeim aðilum sem hafa bæði millifærsluheimildir á bankareikninga og heimildir í fjárhagsbókhalda. Ekkert óeðlilegt kom fram við þá skoðun.

Tekjuferli

Farið var yfir eftirlit í tekjuferli sveitarfélagsins. Litlar breytingar eru á ferlinu milli ára og höfum við ekki greint sérstaka veikleika í ferlinu. Ekki voru framkvæmdar prófanir á eftirlitsaðgerðum í ferlinu að þessu sinni.

Launaferli

Farið var yfir eftirlit í launaferli sveitarfélagsins. Skipt var um launakerfi á árinu sem hafði aðeins áhrif á gagnaöflun vegna endurskoðunarinnar en að öðru leyti voru litlar breytingar á ferlinu milli ára og höfum við ekki greint sérstaka veikleika í því. Ekki voru framkvæmdar prófanir á eftirlitsaðgerðum í ferlinu að þessu sinni.

Aðfangferli

Farið var yfir samþykkt á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagsins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af til þess bærum aðila og hvort skráning væri í lagi. Engin sérstök frávik komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt.

Tölvuumhverfi og eftirlit með fjárhagsupplýsingum

Farið var yfir tölvuumhverfi sveitarfélagsins, skoðuð lykilverki tengd fjárhagsupplýsingum og eftirlit í ferlinu metið. Engar verulegar breytingar voru gerðar á upplýsingatækniumhverfi sveitarfélagsins á árinu 2025 en farið var yfir í nýja útgáfu af fjárhagskerfi í upphafi árs 2025.

Niðurstaða

Til staðar eru veikleikar í aðgreiningu starfa hjá sveitarfélaginu sbr. umfjöllun hér til hliðar en við höfum að öðru leyti ekki greint verulega veikleika í innra eftirliti hjá sveitarfélaginu.

Önnur mikilvæg atriði



Dómsmál og kröfur

Hafnarsjóður Norðurþings tapaði dómsmáli (dómur Landsréttar nr. 664/2024) gagnvart Gentle Giants-Hvalaferðum ehf. fyrir Landsrétti í október 2025 í máli sem snéri að innheimtu farþegagjalda sem var dæmd ólöglegt og var sveitarfélaginu að greiða félaginu kr. 36,4 millj. auk dráttarvaxta. Samtals hafa verið greiddar til Gentle Giants-Hvalaferða ehf. kr. 64,3 millj. vegna málsins nú í upphafi árs 2026 og var sú fjárhæð gjaldfærð í ársreikningi Hafnarsjóðs fyrir árið 2025 og kemur fram undir öðrum rekstrarkostnaði í ársreikningi samstæðunnar. Í kjölfar dóms Landsréttar hafa nú í febrúar og mars 2026 komið fram frekari kröfur frá hvalaskoðunarfyrtækjunum á Húsavík á hendur Hafnarsjóði Norðurþings með tilvísun í dóminn og nemur höfuðstóll þessara viðbótarkrafna kr. 128,2 millj. Stjórnendur sveitarfélagsins vinna nú ásamt lögfræðingum sveitarfélagsins í málinu en óvissa er um fjárhæð réttmætra þeirra krafna sem komið hafa fram og mögulegar gagnkröfur sveitarfélagsins. Frekari gjaldfærsla hefur því ekki verið færð í ársreikning Hafnarsjóðs vegna málsins. Gerð er grein fyrir málinu í skýrslu stjórnar Hafnarsjóðs Norðurþings og í skýringum bæði í ársreikningi Hafnarsjóðs og samstæðuársreikningi sveitarfélagsins.

Við höfum yfirfarið dóm Landsréttar og dóma á fyrri stigum málsins. Við höfum einnig rætt málið við stjórnendur sveitarfélagsins, fengið þau gögn sem fyrir liggja um málið hjá sveitarfélaginu og kallað eftir upplýsingum um málið frá lögfræðingum sveitarfélagsins. Við erum sammála þeirri nálgun varðandi ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2025 að þær kröfur sem beint eru tilfallnar og greiddar í dag vegna dómsmálsins séu gjaldfærðar í uppgjörinu og að gerð sé grein fyrir málinu, þeim viðbótarkröfum sem fram eru komnar og óvissu sem er um málið í skýringum í ársreikningi.

Staðfesting á óhæði

Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Norðurþingi neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Útistandandi atriði fram að áritun ársreikningsins

Eftirfarandi atriði eru útistandandi fram að áritun endurskoðenda:

- Skráning og frágangur endurskoðunargrunns
- Undirritun staðfestingarbréfs stjórnenda

Viðbótarskýrsla til sveitarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

a) innihalda yfirlýsingu um óhæði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr.,

- Staðfestingu á óhæði er að finna á bls. 16 í endurskoðunarskýrslunni.

b) ef endurskoðunarfyrtæki annaðist lögboðnu endurskoðunina skal tilgreina í skýrslunni sérhvern áritunarendurskoðanda sem átti aðild að endurskoðuninni,

- Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi er eini áritunarendurskoðandinn í verkefninu.

c) ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur gert ráðstafanir um að eitthvert starfa hans eða þess sé í höndum annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, sem er ekki aðili að sama tengslaneti eða hefur nýtt vinnu utanaðkomandi sérfræðinga, skulu þessi atriði koma fram í skýrslunni og þar skal staðfest að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið hafi mótttekið staðfestingu frá hinum löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrtækinu og/eða utanaðkomandi sérfræðingnum um óhæði þeirra,

- Við höfum nýtt okkur vinnu tryggingastærðfræðings vegna LSH og í tengslum við það höfum við metið óhæði og hæfni viðkomandi sérfræðings.

- Deloitte hafa sinnt uppgjörsþjónustu fyrir sveitarfélagið og höfum við einnig horft til hæfni þeirra og stöðu gagnvart sveitarfélaginu.

d) lýsa eðli, tíðni og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina eða aðilann, sem sinnir sambærilegum verkefnum innan endurskoðuðu einingarinnar, framkvæmdastjórn og stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. dagsetningum funda með þessum einingum,

- Vegna skipulagningar þá funduðum við með stjórnendum sveitarfélagsins þann 13. janúar 2025. Endurskoðunaráætlun var lögð fram og hún yfirfarin.

e) fela í sér lýsingu á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar,

- Skipulagningarvinna og áhættumat vegna verkefnisins fór fram á tímabilinu nóvember til janúar en meginþungi endurskoðunarvinnunnar var svo í mars og fram í apríl 2025.

- Tímaáætlun vegna verkefnisins gerði ráð fyrir um 180 – 200 klst. og er sú áætlun að ganga upp.

f) lýsa skiptingu verkefna meðal löggiltu endurskoðendanna og/eða endurskoðunarfyrtækjanna ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafa verið tilnefnd,

- Á ekki við.

g) lýsa þeirri aðferðafræði sem beitt er, þ.m.t. hvaða liðir efnahagsreiknings hafa verið sannreyndir með beinum hætti og hvaða liðir hafa verið sannreyndir út frá kerfis- og samræmisprófun, þ.m.t. skýring á hvers kyns verulegum breytileika í vægi kerfis- og samræmisprófana í samanburði við næstliðið ár, jafnvel þótt annar löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrtæki hafi annast reikningsskil næstliðins árs,

- Nálgun okkar á endurskoðunina hefur verið þannig að við höfum sannreymt með beinum hætti efnahagsliði sveitarfélagsins en úrtakskönnunum og greiningum var beitt gagnvart rekstrarliðum, þ.e. rekstrartekjum, launum, öðrum rekstrarkostnaði og fjármagnsliðum.

Viðbótarskýrsla til sveitarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

h) upplýsa um magnbundin mikilvægismörk sem notuð eru við lögboðna endurskoðun reikningsskila í heild og mikilvægismörk, þar sem við á, vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða skýringa og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðun mikilvægismarka,

- Upplýsingar um mikilvægismörk er að finna á bls. 5 í skýrslunni.

i) greina frá og útskýra mat á atburðum eða aðstæðum, sem komið er auga á meðan á endurskoðun stendur, og gætu vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu og hvort þau fela í sér verulega óvissu og leggja fram yfirlit um allar ábyrgðir, staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar stuðningsráðstafanir sem litið hefur verið til við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi,

- Ekkert slíkt hefur komið fram.

j) greina frá öllum verulegum brotalömum hjá endurskoðuðu einingunni eða, ef um er að ræða samstæðureikningsskil, hjá móðurfélaginu í innra eftirliti með fjármálum þess og/eða í bókhaldskerfinu. Í viðbótarskýrslunni skal tekið fram fyrir sérhverja slíka verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnenda eða ekki,

- Engar verulegar brotalamir hafa komið fram við endurskoðunina.

k) greina frá öllum verulegum atvikum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér, að ekki hafi verið farið að lögum og reglugerðum eða samþykktum, sem fram komu við endurskoðunina, að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum,

- Ekkert hefur komið fram við endurskoðunina sem bendir til þess að sveitarfélagið hafi ekki farið að lögum, reglugerðum eða samþykktum sínum.

l) greina frá og meta matsaðferðir, sem beitt er gagnvart ýmsum liðum í árlegum reikningsskilum eða samstæðureikningsskilum, þ.m.t. hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa,

- Matsaðferðir sveitarfélagsins eru óbreyttar milli ára og vísuð við til umfjöllunar um yfirferð á matsliðum á bls. 13 – 14 í skýrslunni.

m) ef um er að ræða lögboðna endurskoðun á samstæðureikningsskilum að skýra umfang samstæðunnar og útilokunarforsendur, sem endurskoðaða einingin beitir gagnvart einingum, sem ekki eru í samstæðunni, ef einhverjar eru, og hvort þessar forsendur, sem beitt er, séu í samræmi við reikningsskilareglur,

- Undir samstæðureikning sveitarfélagsins falla A og B hluta stofnanir auk dótturfélaganna Orkuveitu Húsavíkur ohf., Fjárfestingafélags Norðurlands ehf., Dvalarheimilis aldraðra sf. og Leigufélagsins Hvamms ehf. Sveitarfélagið á meirihlutaeign í Hitaveitu Öxarfjarðar hf. í gegnum Orkuveitu Húsavíkur ohf. en sá eignarhlutur er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í uppgjöri Orkuveitunnar.

Viðbótarskýrsla til sveitarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækji, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

n) greina, eftir atvikum, frá hvers kyns vinnu við endurskoðun af hálfu eins eða fleiri endurskoðenda, endurskoðunarfélaga eða endurskoðunarfyrtækja þriðju landa í tengslum við lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila annarra en þeirra sem eru aðilar að sama tengslaneti og endurskoðandi samstæðureikningsskilanna,

- PwC er endurskoðandi Dvalarheimilis aldraðra sf. og Leigufélagsins Hvamms ehf. og höfum við horft til vinnu þeirra gagnvart þessum félögum.
- Að öðru leyti koma ekki aðrir endurskoðendur en við hjá Enor að vinnunni.

o) taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl, sem beðið var um,

- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa veitt okkur alla þá aðstoð og aðgang að gögnum sem við höfum óskað eftir.

p) greina frá:

- öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina,**
 - öllum mikilvægum málefnum sem upp komu vegna lögboðnu endurskoðunarinnar sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskipta við stjórnendur og**
 - öllum öðrum málefnum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við gerð reikningsskilanna.**
- Engin veruleg vandkvæði komu upp við endurskoðunarvinnuna og við teljum okkur hafa greint frá öllum helstu málum í einstökum köflum í endurskoðunarskýrslunni.

3. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækji hafa verið ráðin samtímis og risið hefur ágreiningur milli þeirra um verklag við endurskoðun, reikningsskilareglur eða eitthvað annað álitaefni, sem varðar framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar, skal útskýra ástæður fyrir ágreiningnum í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar.

- Sjá hér að ofan varðandi endurskoðendur dótturfélaga en að öðru leyti hafa ekki aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komið að vinnunni.